

Fundur 20.11.2023 Gísli Gíslason frá Uppsölum.

Sælt veri fólkið, komi þið blessuð og sæl.

*Góða kvöldið, velkominn.*

Takk fyrir.

Hef ég aldrei talað við ykkur áður hér í gegnum slíkt samband landsmenn góðir og þykir mér það því mikill viðburður og er ég ekki vanur að hafa tök á þeirri orku sem um ræðir.

Og horfi ég hér á steininn í miðju ræðupúltinu og sendir hann frá sér margvíslega geisla eins og ég skynja það og verð ég að fylgja bláa geislanum og vera í honum miðjum og hitta á ákveðin stað og hefur mér áður mistekist að tala svona út í geimdjúpið, en finnst mér að mér takist það núna, hef ég verið á námskeiðum til að þjálfra mig í þessu.

Og fannst mér kominn tími til að láta í mér heyra, stundum skynja ég til ykkar þegar ég er í sambandinu, tala til ykkar, en stundum nýt ég aðstoðar af tjaldinu sem sýnir myndir frá gömlu jörðinni og ég hef lifað hér framlífi all nokkuð frábrugðnu lífi frá því sem ég lifði á gömlu jörðinni, gamla Íslandi en og er ég hér í þessu framlífi ekki svo frábrugðin mörgum öðrum Íslendingum.

Og hef ég á síðast liðnum árum og áratugum orðið félagslyndari og ef mér tekst að tala til ykkar hér í kvöld er það í eitt af fáum skiptum sem mér tekst að ljúka við slíkt samtal í fullri lengd, enda þarf að þjálfra sig í því.

Og áhugi minn á stjórnufræði og stjörnulíffræði og þessum Nýals kenningum er einnig að aukast og helst það í hendur og langaði mig að sýna Íslendingum aðra hlið á mér og segja þeim frá því að ég lifi hér á þessum framlífs hnetti ósköp svipuðu lífi eins og lang flestir og gera ykkur það ljóst að það eru alls ekki allir sem eiga auðvelt með að tala á þessum fundum af ýmsum ástæðum.

En er ég nú orðinn vinnu margur miðað við það sem er á jörðinni og hef ég sinnt fjölmörgum störfum öðrum en búmennskunni og lært sitt hvað fleira en ég lærði á gamla Íslandi.

Ég, það er svo merkilegt að tala svona við ykkur hinum megin við þetta mikla myrkur sem aðskilur lífstefnu hnettina að, sumir segja að þeim gangi það svo vei að það sé eins eðlilegt eins og að tala við næsta mann á þessum hnetti en öðrum gengur það verr og sumum alls ekki neitt.

Og tli eru þau sambönd sem reynt er að byrja en tekst ekki að stofna til.

Hef ég að vísu verið talsvert í þessum sal sem áheyrandi en aðeins í nokkur skipti sem talandi.

Og lifi hér góðu lífi, er hér jafn félagslyndur og hver annar og strax og ég kom á þennan hnött fékk ég lækningu við ákveðinni málhelti sem hrjáði mig í upphafi og segja má að lífsmynstur mitt hafi mótast af þeirri málhelti, og það myndi víst vera kallað í ykkar menningu einelti, eftir því sem ég hef heyrt af ykkar orðum í, hef heyrt það á þessum fundum og víðar að þið notið það orð um það ástand sem ég lenti í, í barnæsku minni og varð þess valdandi að ég missti tengslin við flesta.

En þeir segja að ég hafi fulla greind, en þurfi líka sjálfstraust til þess að tala svona við ykkur eins og næsta mann og,

Einhverjir örðuleikar fylgja því að tala við gömlu þjóðina sína sem maður hefur skapað ákveðin samskipti við og sinnti ég hér vissulega skepnum þegar ég fyrst kom á hnött, en það sama á við um flesta og hef ég nú flust til borgarinnar og

*Ekki eru Gísli?*

Gísli á Uppsölum já, Gísli Gíslason það er rétt, fyrsta skipti sem ég tala til ykkar, fóta mig í nýju umhverfi og já það er merkileg tilveran og ánægjulegt að tala til ykkar, Íslendingar og,

*Vertu velkominn.*

Þakka þér fyrir kærlega,

*Þau eru falleg ljóðin sem ég hef lesið eftir þig. Þú ert gott skáld.*

Þakka þér fyrir, það ættu allir að prófa slíkt, það er svo góð mannrækt í því fólgin að koma frá sér hugarefnum sínum, já þakka þér.

*Ert þú ekki enn þá að yrkja?*

Jú það kemur fyrir, það kom ein bók, já já og þá var ég enn þá í sveitinni og það var um svona daglegt líf og hef fengið ágætar viðtökur og gaman að þessu.

Já ég þakka fyrir, þetta var ánægjulegt, reyni kannski að koma síðar, verið þið blessuð og sæl.

*Ert þú ekki með skepnur núna?*

Já var með skepnur.

*Gangi þér vel Gísli.*

Þakka þér fyrir verið þið sæl.

*Vertu blessaður, velkominn aftur.*